



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Úrdráttur úr fundargerðum

Útgáfa september 2004

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

Fundur 7. september

Málefni barnagæslu í sveitarfélaginu rædd og skoðað hvaða leiðir eru færar. Ákveðið var að ræða við starfsmenn leikskólans og heyra hvað þær vilja gera.

Staða vatnsveituframkvæmda og greiðslubyrði lána sem þeim fylgja. Tillaga og drög að verklýsingu Teikn á Lofti kynnt. Komin eru tilboð í fjármögnun frá Landsbanka Íslands og Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis. Kannað verður hvort hugsanlegt verður að fá betri kjör gegn veðsetningu fasteigna sveitarfélagsins.

Ákveðið var að hreppsnefnd sendi inn umsókn um byggðarkvóta fyrir fiskveiðiárið 2004-2005.

Aðalfundur SSA (Samband sveitarfélaga á Austurlandi) verður 16-17 september n.k. Ákveðið var að reyna að senda fulltrúa í samgöngunefnd.

Sent verður dreifibréf þar sem Bakkfirðingar eru minntir á loforð um að færa viðskipti sín til Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis.

Bréf barst frá fjárlaganefnd þar sem sveitarstjórnarmönnum er boðið að eiga fund með nefndinni.

Bréf barst frá SÍS (Sanband íslenskra sveitafélaga) þar sem kynnt er boðum verkfalls grunnskólakennara 20. september n.k.

Bréf barst frá HAUST (Heilbrigðiseftirlit Austurlands) þar sem niðurstöður komu úr vatnsrannsókn.

Bréf barst frá Jöfnunarsjóði Sveitarfélaga þar sem tilkynnt er endurskoðuð áætlun útgjaldajöfnunarframlaga árið 2004.

Aðalfundur hjá Skólaskrifstofu Ausrurlands verður haldinn 15. október n.k. í safnaðarheimilinu á Reyðarfirði.

Hafnarsambandsþing 2004 verður haldið á Grand Hótel 28-29 október n.k.

Erindi bárust frá skólastjóra Grunnskólans á Bakkafirði. Kynnt var fyrirkomulag á íslenskukennslu fyrir útlendinga. Óskað er eftir því að körfuboltakörfur við skólann verði lagfærðar, það var samþykkt. Auk þess kom beiðni um kennslu á tónlistarkennslu sem var samþykkt.

Umræður voru um fjárhagsáætlun.

Bréf barst frá Nýsi vegna úthlutunar byggðarkvóta Byggðarstofnunar á yfirstandandi fiskveiðiári.

Ákveðið ver að senda Snerpu ehf. fyrirspurn um stöðu internettengingarmála.